



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Bakkaborg

2019 – 2020



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Gleði, vinátta og virðing .....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	4
2 Innra mat .....	5
2.1 Dvergasteinn.....	5
2.2 Álfhóll .....	12
2.3 Skessuból .....	16
2.4 Trölladyngja .....	23
2.5 Bakki .....	27
3 Ytra mat .....	30
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	32
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	32
6 Foreldrasamvinna.....	33
7 Niðurstöður innra mats .....	34
8 Leikskóladagatal 2019 - 2020 .....	36
9 Fylgigögn.....	37
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	37
Greinargerð sérkennslustjóra um starfið 2018-2019 .....	37
<b>Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári.....</b>	<b>38</b>
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	40
Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku. ....	40
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	41



# Leiðarljós leikskólans: Gleði, vinátta og virðing

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Það má segja að árið 2018 og vor 2019 hafi einkennst af miklum breytingum bæði í faglegu starfi og framkvæmdum.

Framkvæmdir voru miklar og eldhúsið hjá okkur allt tekið í geng og drógust framkvæmdir á því til lok október en við erum afskaplega ánægð með hvernig til tókst. Kaffistofan okkar var tekin í geng, við fengum fundarherbergi og síðast og ekki síst þá fórum framkvæmdir af stað á Bakka en þar verður opnuð ungbarnadeild haustið 2019.

Fjölmargir sóttu námskeið á þessu námsári Efi -2 málþroskamat, TRAS, Hljóm 2, skráningar- og þjálfunarnámskeið í tengslum við atferlisþjálfun, tókum inn Book creator sem er rafræn ferilmappa, Íslenski máhljóðamælirinn, vinnuverndarnámskeið, Uppeldi til ábyrgðar, Fagnámskeið 1 og 2, skyndihjálpar auk annarra námskeiða.

Leikskólarnir í Breiðholti voru með sameiginlegan starfsdag sem einkenndist af mikilli gleði þar sem við fengum Eddu Björgvins til að vera með fyrirlesturinn Húmor og aðrir styrkleikar og síðan enduðum við daginn með því að fara öll út að borða.

Við tókum þátt í tilraunaverkefni um styttingu vinnu vikunni niður í 37 stundir á viku þetta verkefni hefur gengið vel. Starfsmenn eru mjög sáttir, það hefur verulega dregið úr veikindum, skrepp hafa næstum alveg dottið út.

Við leggjum mikla áherslu á málörvun og fengum til liðs við okkur Miðju máls og læsis. Þær sem starfa þar fóru á allar deildar leikskólans þar sem þær fylgdust með og skoðuðu hvað gengi vel og hvað þyrfti að bæta, síðan var fundað reglulega með hverri deild og staðan tekin.

Nichol Leigh Mosty kom og tók út deildar og veitti faglega ráðgjöf til deildastjóra sem ekki voru leikskólakennarar og fylgdi því verkefni eftir í u.þ.b. tvo mánuði. Þetta skilaði sér í auknu faglegu starfi inná deildum.

Sumarskóli elstu barnanna var með breyttu sniði, en undanfarin ár hefur verið samstarf á milli leikskólanna í hverfinu en að þessu sinni var ákveðið að hver leikskóli sæi um sinn skóla og hafa börnin farið í fjölmargar ferðir sem veita gleði og ánægju meðal barnanna og starfsfólksins. Þeim þykir gaman að brjóta upp hið daglega starf og fá fjölbreyttari vettvangsferðir.



Starfsmannastöðuleiki er bara nokkuð góður. Við fengum til liðs við okkur á síðasta ári, leikskólakennara sem einnig er menntaður grunnskóla- og sérkennari, uppeldis og menntunarfræðing, táknafræðing. Í vor fengum við einnig til liðs við okkur þroskaþjálfara sem hefur mikla reynslu af kennslu barna.

Þar sem við viljum að öll börn leikskólans njóti fagþekkingar þá var ákveðið að breyta og brjóta upp starfsemi leikskólans og var farið í tilraunaverkefni þar sem við myndum teymi fagfólks sem ekki er fast á deild heldur fer fast á milli deilda. Í þessu teymi eru leikskólakennari, leik-, grunn- og sérkennari, uppeldis- og menntunarfræðingur, starfsmaður með BS í sálfræði og grunnskólakennari. Hlutverk þessara aðila er að fara á milli deilda og vera með markvissa málörvun í litlum hópum og taka þau börn sem þurfa á sér úrræðum að halda.

## 2 Innra mat

### 2.1 Dvergasteinn

Á þessu skólaári /2018-2019/ voru hjá okkur 19 börn fædd árið 2015 og 2016 þar 9 af erlendum uppruna.

Við leggjum áherslu á góða líðan barna, málrækt sem fléttast inní leik og daglegt starf, efla alhliða þroska barnsins, jákvæð og góð samskipti við börn og foreldra þeirra.

Unnið er eftir Aðalnámskrá leikskóla og þar er námi barna skipt upp í sex grunnþætti menntunar:

- Læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun

#### Starfsfólk á Dvergasteini:

- Anna Kristín leikskólaliði, deildarstjóri haustið 2018 (veikindaleyfi eftir áramót).
- Alena grunnskólakennari, framhaldsskólakennari/ deildarstjóri frá janúar 2019 þar til Anna Katrín tekur við



- Marlena leiðbeinandi 2018-2019
- Kristín leiðbeinandi 2018-2019
- Josie grunnskólakennari 2018 og janúar 2019
- Sigrún Edda Theódórsdóttir táknafræðingur febrúar 2019
- Aníta stuðningur 100% febrúar 2019
- Gunnur leiðbeinandi mars 2019
- Anna Katrín Þroskaþjálfari apríl 2019, tekur við deildarstjórn um miðjan maí 2019

Starfið hefur gengið nokkuð vel þrátt fyrir miklar breytingar á starfsfólki. Starfsfólk vinnur vel saman, deildarstarf hefur tekið breytingum og gengur vel í dag.

### **Aðlögun**

Öruggir foreldrar = örugg börn

Við erum með þátttökuaðlögun sem byggist á því að foreldrar séu þátttakendur fyrstu þrjá dagana en með því öðlast þeir öryggi þar sem þeir kynnast starfsfólki og öðrum börnum. En að sjálfsgöðu er metið í hvert sinn hversu mikla aðlögun hvert og eitt barn þarf hverju sinni.

Foreldrum er velkomið að hringja í leikskólann og fá fréttir af barninu.

- Dagur 1 frá kl. 9.00-10.00/ barnið kemur í heimsókn með foreldri sem er með barninu allan tímann.
- Dagur 2 frá kl. 10.00-12.00 / barnið borðar hádegisverð með foreldri, foreldri er til staðar mest allan tímann en fer frá í skamma stund í samræmi við deildarstjóra í u.þ.b. 10 til 15 mínútur.
- Dagur 3 frá kl. 9.00 til u.þ.b. 13.00-14.00 / foreldri kveður fljótlega, barnið tekur þátt í leik og starfi og borðar hádegisverð, fer í hvíld og hringt þegar barnið vaknar.
- Dagur 4 frá kl. 8.30-15.00 / barnið tekur þátt í leik og starfi og kveðja foreldrana fljótlega, aðlögun lokið.



## **Veðurfræðingur**

Börnin skiptast á að vera veðurfræðingur þar sem farið er yfir hvaða dagur er, hvernig veðrið er og hvernig við klæðum okkur. Í samveru fá allir tækifæri til að velja óskalag.

Veðurfræðingur er einnig umsjónarmaður dagsins og leggur á borð og sækir matinn.

## **Tímalína**

Hópstjórar vinna samkvæmt tímalínu þar sem tekið er fyrir stafur vikunnar, orð vikunnar, tákni vikunnar, lag vikunnar, þula vikunnar og leikur vikunnar. Þetta hefur skapað öryggi hjá hópstjórum, að ganga að þessu vísu. Einnig vinnum við með þarfahringinn sem er að finna á tímalínunni og tengja hópstjórar þarfirnar inn í allt starfið.

## **Hópastarf**

Barnahópnum er skipt í 3 hópa. Hver hópstjóri hefur sinnt sínum hópi, við byrjum alltaf hópstarfið á því að leiðast og segja þessa setningu : „ Góðan dag og velkomin í hópstarf, við erum vinir og það er gaman að vera saman“. Síðan notum við táknið okkar og kynnum okkur til að viðhalda tákni með tali. Við notum ekki einungis táknið fyrir nöfnin heldur lærum við ný og ný tákni hverju sinni. Þetta er mjög mikilvægt sérstaklega þar sem eitt barn deildarinnar tjáir sig með táknum og hefur orðaforði þess aukist til muna. Við notumst við upphaf og endi við hópstarfið til að gera það skýrt fyrir börnin.

Útivera er mikilvægur þáttur í hópstarfinu og er hópnum skipt og rúlla eftir vikum, þannig að það eru alltaf 2 hópar sem fara út að morgni en ekki á sama tíma. Með þessu fá allir að njóta og vera í rólegheitum með sínum hóp.

## **Tákni með tali**

Öll börn fá sitt eigið tákni þegar þau byrja í leikskólanum. Einnig notum við tákni með tali í hópstarfi þar sem eitt nýtt tákni er lært í hverri viku, þau tákni eru í tengslum við tímalínuna.

## **Stig af stigi**

Stig af stigi byrjaði eftir áramót og hefur gengið vel.

Einu sinni í viku vinnur hver hópur með Stig af stigi. Við tengjum þá tilfinningu sem tekin er fyrir hverju sinni í starfið okkar, bæði úti og inni og börnin leika sýnidæmi fyrir jafnaldra sína.

Stig af stigi er námsgögn sem hjálpar okkur og börnunum að þekkja tilfinningar okkar og annarra. Kennir börnunum að lesa í svipbrigði, leysa deilur og lesa úr látbragði annarra. Börnunum er þar að



auki kennt að hafa stjórn á æsingi og reiði. Við tókum myndir af börnunum þar sem börnin sýna tilfinningar sem við ræddum þann daginn.

Hver stund er í kringum 15 mínútur.

### **Samverustundir**

Á Dvergasteini eru 2 samverustundir yfir daginn þar sem börnin eru í tveimur hópum, eldri 2015 og yngri 2016. Samverustundir eru nýttar til að lesa bækur, loðtöflusögur, Lubba stund, fara í ýmsa leiki, syngja og tala saman. Við vinnum með hlustun, rím og spyrjum börnin til dæmis um afmælisdaga og hvað foreldrar þeirra heita.

Unnið er með Lubba bókina, sem er bók um íslensk máhljóð. Þetta er í raun hljóðanám í þrívídd þar sem börnin sjá stafinn, heyra hljóðið og gera tákn (Lubbatákn). Öll tákn sérhljóðanna lýsa og tengjast tilfinningum eða líðan og tákn samhljóðanna tengjast athöfnum.

### **Málörvun**

Börn eru misjöfn eins og þau eru mörg, sum ná málinu eins og ekkert sé á meðan önnur þurfa meiri þjálfun og aðstoð til að ná því. Í málörvun fá börnin tækifæri til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir í smærri hópum. Við skiptum börnunum í minni hópa þar sem við þjálfum málskilning, málnotkun, orðaforða og hugtakaskilning barnanna.

### **Upphaf og lok dags**

Á Dvergasteini er lagt upp úr því að taka vel á móti börnum. Heilsa þeim í upphafi dags með nafni og kveðja í lok dags með nafni þannig að börn og foreldrar finni að þau séu velkomin. Það skiptir miklu máli að fá hlýjar móttökur og skapa þannig örugg og jákvæð tengsl milli barns, foreldra og starfsfólks.

### **Matartímar**

Starfsmaður situr til borðs með börnunum, er þeim góð fyrirmynd og skapar festu og ró og fær tækifæri til að spjalla við börnin. Barnið lærir að borða með hnífapörum og æfir sig í að smakka á því sem boðið er upp á. Matseðill er settur inn á heimasíðu leikskólans og hangir á töflu inni á deild.

### **Hvíld**

Börnin eru í tveimur hópum, vakandi og sofandi hvíld. Markmið hvíldarinnar er að börnin nái að slaka á og fá stund til að hvíla sig á amstri dagsins. Í hvíldarstundum lesum við bækur, hlustum á sögur eða erum í rólegri borðavinnu, þetta á við um þau börn sem að sofa ekki í leikskólanum.





## Val

Valinu er skipt á þrjú svæði á deildinni, Dvergastein, listasmiðju og útiveru. Í samveru fyrir hádegismat velja börnin sér á hvaða svæði þau ætla að vera eftir hvíldina. Með vali fá börnin að leika sér með það sem veitir þeim gleði og ánægju sem leiðir til uppsprettu nýrra athugana.

## Útivera og hreyfing

Við leggjum áherslu á að börnin fari í útiveru að minnsta kosti einu sinni á dag. Vettvangsferðir eru einn þáttur útiverunnar, farið er í gönguferðir, skoðunarferðir og heimsóknir. Með því að fara í gönguferðir kynnast börnin nær- og fjærumhverfi sínu og þol þeirra eykst. Í þessum ferðum læra börnin ógrynni af hlutum sem tengjast náttúrunni, samskiptum, læsi eða stærðfræði.

## Árgangaheimsókn

Undafarin ár hefur mikið samstarf verið á milli leikskólanna í Bakkahverfi með þar til gerðum heimsóknum sem að börn fædd árið 2015 fóru í.

## Afmælisdagur barna

Barnið gerir kórónu, afmælisöngurinn sunginn og barnið fær að velja sér afmælisglas og afmælisdiskur. Einnig er barnið umsjónarmaður dagsins, býður til borðs og segir hvað er í matinn.

## Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf fer fram með daglegum samskiptum, tölvupósti, foreldraviðtölum og foreldrafundi. Foreldraviðtöl voru í október og mars og lögð er áhersla á að allir foreldrar hafi tækifæri til að koma í þau viðtöl. Foreldrar geta alltaf óskað eftir viðtali við deildarstjóra ef þörf þykir. Einnig erum við að bjóða foreldrum að koma og hitta stjórnendateymið í Bakkaborg þar sem hægt er að koma með hugmyndir um hvað mætti betur fara í starfinu og segja frá því hvað er vel gert - þetta er liður í því að fá foreldra meira að gerð skólanámskrár og innra mats leikskólans.

Starfsfólk Dvergasteins hefur passað upp á að fylgjast með sérstökum dögum sem finna má í leikskóladagatali og umræðu þjóðfélagsins og vinna verkefni tengd þeim dögum. Þetta eru dagar eins og 112 dagurinn, umhverfisdagurinn, dagur íslenskrar tungu, dagur náttúrunnar, dagur gegn einelti, bóndadagur, konudagur og litadagar svo eitthvað sé nefnt. Fyrir þessa daga vinnum við ýmis verkefni og fönndum og skreytum deildina okkar. Þetta hefur verið gengið vel og vakið mikla gleði meðal barnanna.

## Dagskipulag Dvergasteins



Rólegur leikur, borðavinna og morgunmatur

Veðurfræðingur

Hópastarf

Samvera

Matur

Hvíld

Val

Samvera

Kaffitími

Frjáls leikur

Umbótaþættir Ytra mat Dvergasteinn	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Leikfimi</b>	Að börnin ná aukinni færni í grófhreyfingum og kynnist fjölbreyttum æfingum sem styrkja þau líkamlega.	Vera með skipulagt hvað á að gera í hverjum íþróttatíma, þannig að farið sé í alla grunn- hreyfiþætti.	Að hausti/ lýkur um sumarfrí.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Skráning á hópastarfs- blaði, myndbands- upptökur.	Að börnin öðlist fjölbreytta færni í misjöfnum aðstæðum.
<b>Hópastarf</b>	Að börnin öðlist og upplifi nýja reynslu og geti byggt ofan á	Vera með skipulag þar sem farið er inná alla	Að hausti/ lýkur um sumarfrí.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Matsblað, þar sem farið er yfir hvort það sem	Börnin ná að byggja ofan á fyrrri reynslu með



	fyrri þekkingu á sem fjölbreyttasta hátt.	grunnþætti menntunar, þar sem fjölbreytni í leiðum og viðvangs-efnum er valið.			ákveðið var að gera, hafi verið gert og hvernig það hafi gengið.	fjölbreyttum leiðum og með fjölbreyttum efnivið. Að öll börn fái verkefni við getu og hæfni, þar sem þau geta látið ljós sitt skína.
<b>Útivera</b>	Að börn fái notið útiveru á fjölbreyttum stöðum, þar sem börnin fá tækifæri til að reyna á líkamsparta sína eins og þau hafa getu til.	Fara út að minnsta kosti einu sinni á dag þar sem börnin hafa val um hvað þau vilja gera og hvernig.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Myndbands-upptökur, matsblöð.	Börnin fái notið sín í frjálsum leik og upplifi margbreytilegt veðurfar.
<b>Val</b>	Að börnin hafa það leikefni sem þau vilja leika með.	Hafa fjölbreyttara leikefni í boði.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Matsblöð og skráningarblað.	Að öll börn hafi leikefni sem fangar athygli þeirra og veitir þeim gleði og ánægju sem leiðir til uppsprettu nýrra athuganna.
<b>Samverustundir</b>	Að börnin fái fjölbreyttar samverustundir.	Nota Söng, lestur, sögur, loðtöflu-sögur, leiki og annarskonar málörvun (rím, samsett orð, atkvæði ofl.)	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð.	Að öll njóti þess að vera í samverustundum þar sem fjölbreytni ræður ríkjum.
<b>Hvíld</b>	Að börnin nái að slaka á og fái stund til að hvíla sig á amstri dagsins.	Nota lestur og hlusta á sögur og rólega tónlist í tækjum.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð.	Að börnin geti slakað á og notið þess að vera í rólegheitum.



<b>Vettvangsferðir</b>	Að börnin njóti þess að vera í hópi, leiði féлага og skoði og upplifi umhverfi sitt, hvað það hefur uppá að bjóða.	Fara í strætó og gönguferðir.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð.	Að börnin læri að þekkja nærumhverfi sitt og hvað það hefur uppá að bjóða
<b>Loðtöflusögur og sögugrunnur</b>	Að börnin fái æfingu í að búa til sögu og koma fram fyrir hópi barnanna.	Nota sögu-grunninn sem og önnur tæki til að þjálfa barnið.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð.	Að sjá hvernig sögur og frásagnir barnanna þróast.

## 2.2 Álfhóll

Á Álfhóli eru 20 börn, þrjú fædd árið 2015, 16 fædd árið 2016 og eitt fætt árið 2017. Þar af eru tíu börn sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna, eitt barn með annað foreldrið af erlendum uppruna og níu sem eiga íslenska foreldra.

- Aðlögun á Álfhóli byrjaði 20. ágúst til miðjan september 2018. Breyting var gerð á aðlögun. Það hefur verið þátttökuaðlögun þar sem að foreldri var með barninu í 3 daga frá 9-15, nema fyrsta daginn. Þá fór barnið heim eftir hádegismat. Nú er aðlögunarferlið svona:  
Dagur 1: Barnið kom í klukkutíma heimsókn með foreldri.  
Dagur 2: dvaldi barnið í frá 10-12 borðuðu hádegismat foreldri brá sér frá í u.þ.b. 10 mínútur.  
Dagur 3: Mætti barnið 9:00 foreldri kvaddi fljótlega barnið dvaldi fram yfir hvíld.  
Dagur 4: barnið mætti 8:30 eða seinna fer eftir vistunartíma og dvaldi til 15, þá er aðlögun lokið.  
Síðan ferð þetta alfarið eftir barni og hversu vel gengur. Dæmi eru um að aðlögunin hefur verið lengd eða jafnvel stytta. Þetta hefur gengið vel. Áður en barn byrjar í aðlögun hjá okkur er búið að gera klárt tákni úr tákni með tali.
- Það hefur verið mikill stöðuleiki á starfsfólki. Það eru 4 starfsmenn á deildinni og allir í 100% stöðu. Bakkaborg tók þátt í tilraunaverkefninu stytting vinnuviku og stóð það yfir í rúm ár. Tók skólinn ákvörðun um að halda þessu fyrirkomulagi áfram vegna jákvæðra breytinga. Hefur þetta gengið mjög vel fyrir sig.
- Helstu styrkleikar starfsfólks Álfhóls er að allir huga að velferð barnanna. Það er góð samvinna, virðing, tillitsemi, umburðarlyndi og mikil vinátta. Það er gott verkaskipulag á deildinni og farið er eftir því.
- Helstu styrkleikar barnanna er gleði og vinátta og samkennd. Við höfum mikið unnið með „góð vinátta, slæm vinátta“ sem gefur börnunum betra tækifæri að þróa vináttuna sjálf. Vegna þessa eru þau eignu fær í að nota orðin sýn og tjá óskir sýnar og þarfir.
- Markvist starf með börnunum kallast hópatími. Hann er frá 9:15 til 11:15 f.h. Við skiptum börnunum, eftir aldri, niður í 3 hópa. Hóparnir skiptast svona: græni hópur er með yngstu. Rauði er með mið börnin og blái er með



elstu. Það er 1 hópstjóri á hvern hóp. Hver hópur er með stundatöflu fyrir vikuna og það er eitt þema fyrir hvern dag. Við vinnum eftir tímalínu. Þar er farið í staf, orð, tákni, lag, ljóð, leikur og bók vikunnar. Sumt af þessu er í viku og sumt í 2 vikur.

Hópatíminn byrjar á að syngja saman „lagið“. Svo er farið í hring og gert táknið sitt. Síðan er farið yfir tímalínuna. Við gefum, okkur u.þ.b. 30 mín. til 60 mín. Eftir þetta er farið í stundatöfluna. Ávaxtastund og klósettþjálfun er innifalin í hópatímanum, með sýnum hópstjóra. Tímalínan byrjar að hausti, eftir aðlögun, og endar að vori, fyrir sumarlok.

- Samverur á Álfhóli eru 3. Það er morgunsamvera, hádegissamvera og eftirmiðdagssamvera. Morgunsamvera byrjar kl 8.50 – 9.10. Þá er umsjónarmaður kynntur, farið er yfir veður, dag, mánuð, hvernig við klæðum okkur, hvort það sé hlýtt eða kalt og tilfinningar. Síðan klöppum við atkvæðið í deginum og mánuðinum, sungið vikulagið og rétt upp hönd á viðeygandi stöðum. Ef barn á afmæli þá er barnið umsjónarmaður. Þá bætist við, í endann afmælissöngur og hópknús frá öllum. Hádegissamveran byrjar kl. 11.15 og er í korter. Það er skipt í 2 samverur, yngri samveru og eldri. Þessi samvera snýst alfarið um málörvun. Á meðan hún er í gangi fer umsjónarmaður og starfsmaður saman að leggja á borð og ná í matinn. Svo býður umsjónarmaður hinum krökkunum til borðs. Eftirmiðdagssamveran er í svipuðu formi og hádegissamvera. Byrjar kl 14.15 og endar hálf 3. Umsjónarmaður og starfsmaður hjálpast að við að leggja á borð.
- Deildarstjóri fór á „Tras“ námskeið  
Á starfsdögum fóru allir starfsmenn á leikur að læra kynningu, skyndihjálparnámskeið, fyrirlestur miðju máls og læsis, uppbyggilegan fyrirlestur hjá Eddu Björgvins ásamt faglegum leiðum og þeirri ábyrgð sem leikskólastjóri hefur lagt upp með. Einnig fengum við kynningu á nýju persónuverndarlögunum.
- Foreldraviðtölin eru haldin 2 á ári.  
19. nóvember voru fyrstu viðtölin og gekk það ágætlega nema það að tíminn var of stuttur það var 10 mín viðtal og 5 mín bið á milli. Það var of stutt svo því var breytt í 20 mín viðtal og 10 mín á milli. Seinni viðtölin, sem voru haldin 8.apríl og 9.apríl, gengu mjög vel og mætingin var til fyrirmyndar.

Umbótaþættir Álfhóll	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



<b>Leikfimi</b>	Að börnin ná aukinni færni í grófhreyfingum og kynnist fjölbreyttum æfingum sem styrkja þau líkamlega.	Vera með skipulagt hvað á að gera í hverjum íþróttatíma, þannig að farið sé í alla grunnhreyfipætti.	Að hausti/lýkur um sumarfrí.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Skráning á hópastarfsblaði, myndbandsupptökur.	Að börnin öðlist fjölbreytta færni í misjöfnum aðstæðum.
<b>Hópastarf</b>	Að börnin öðlist og upplifi nýja reynslu og geti byggt ofan á fyrri þekkingu á sem fjölbreyttasta hátt.	Vera með skipulag þar sem farið er inná alla grunnþætti menntunar, þar sem fjölbreytni í leiðum og viðvangsefnum er valið.	Að hausti/lýkur um sumarfrí.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Matsblað, þar sem farið er yfir hvort það sem ákveðið var að gera, hafi verið gert og hvernig það hafi gengið.	Börnin ná að byggja ofan á fyrri reynslu með fjölbreyttum leiðum og með fjölbreyttum efnivið. Að öll börn fái verkefni við getu og hæfni, þar sem þau geta látið ljós sitt skína.
<b>Útivera</b>	Að börn fái notið útiveru á fjölbreyttum stöðum, þar sem börnin fá tækifæri til að reyna á líkamsparta sína eins og þau hafa getu til.	Fara út að minnsta kosti einu sinni á dag þar sem börnin hafa val um hvað þau vilja gera og hvernig.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Myndbandsupptökur, matsblöð.	Börnin fái notið sín í frjálsum leik og upplifi margbreytilegt veðurfar.
<b>Val</b>	Að börnin hafa það leikefni sem þau vilja leika með.	Hafa fjölbreyttara leikefni í boði.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Matsblöð og skráningarblað.	Að öll börn hafi leikefni sem fangar athygli þeirra og veitir þeim gleði og ánægju sem leiðir til uppsprettu nýrra athuganna.
<b>Samverustundir</b>	Að börnin fái fjölbreyttar samverustundir.	Nota Söng, lestur, sögur, loðtöflu-	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt öðru	Skráninga- blöð.	Að öll njóti þess að vera í samveru-



		sögur, leiki og annarskonar málörvun (rím, samsett orð, atkvæði ofl.)		starfsfólki deildarinnar.		stundum þar sem fjölbreytni ræður ríkjum.
<b>Hvíld</b>	Að börnin náí að slaka á og fáí stund til að hvíla sig á amstri dagsins.	Nota lestur og hlusta á sögur og rólega tónlist í tækjum.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð.	Að börnin geti slakað á og notið þess að vera í rólegheitum.
<b>Vettvangsferðir</b>	Að börnin njóti þess að vera í hópi, leiði féлага og skoði og upplifi umhverfi sitt, hvað það hefur uppá að bjóða.	Fara í strætó og gönguferðir.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð.	Að börnin læri að þekkja nærumhverfi sitt og hvað það hefur uppá að bjóða
<b>Loðtöflusögur og sögugrunnur</b>	Að börnin fáí æfingu í að búa til sögu og koma fram fyrir hópi barnanna.	Nota sögu-grunninn sem og önnur tæki til að þjálf barnið.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga-blöð.	Að sjá hvernig sögur og frásagnir barnanna þróast.



## 2.3 Skessuból

Á þessu skólaári /2018-2019/ voru hjá okkur 25 börn fædd árið 2013 þar 11 af erlendum uppruna, í byrjun voru 28 börn.

Við leggjum áherslu á góða líðan barna, á málrækt og fléttum hana inn í leik og daglegt starf, efla alhliða þroska barnsins, og jákvæð og góð samskipti við börn og foreldra þeirra.

Unnið er eftir Aðalnámskrá leikskóla og þar er námi barna skipt upp í sex gunnþáttum menntunar:

- Læsi ,
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun.

### **Starfsfólk á Skessubóli:**

- Alena grunnskólakennari, framhaldsskólakennari/ deildarstjóri 2018-2019 / verkefnastjóri 2019 - 2020
- Ragga leikskólakennari 2018
- Hafliði leiðbeinandi 2018-2019
- Vitor leiðbeinandi 2018-2019
- Sandra/stuðningur – HÍ – háskólanemi – sálfræði 2018-2019 /50 %/
- Agata/stuðningur – HÍ Íslenska sem annað mál – háskólanemi 2018-2019 /50 % - 70%/
- Monika leiðbeinandi 2019

Starfið hefur gengið vel, starfsfólk hefur ætíð unnið vel saman og deildarstarf verið vel skipulagt.

### **Aðlögun**

Öruggir foreldrar = örugg börn - þátttökuaðlögun byggist á trú með því að foreldrar séu





Þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi. Þeir kynnast starfsfólki og öðrum börnum.

Þátttökuaðlögun byggir á að foreldrar eru með börnum sínum í þrjá daga:

- Dagur 1 frá kl. 9.00-10.00/ barnið kemur í heimsókn með foreldri sem er með barninu allan tímann/.

- Dagur 2 frá kl. 10.00-12.00 / barnið borðar hádegisverð með foreldri, foreldri er til staðar mest allan tíman en fer frá í skamma stund í samræmi við deildarstjóra í u.þ.b.10 til 15 mín..

- Dagur 3 frá kl. 9.00 til u.þ.b.13.00-14.00 / foreldri kveður fljótlega, barnið tekur þátt í leik og starfi og borðar hádegisverð, fer í hvíld /

- Dagur 4 frá kl. 8.30-15.00 / barnið tekur þátt í leik og starfi og kveðja foreldrana fljótlega, aðlögun lokið/.

### **Veðurfræðingur**

Veðurfræðingur – Börnin skiptast á að vera veðurfræðingur og fara þau yfir hvaða dagur er, hvernig veðrið er og hvernig við klæðum okkur. Hann leggur einnig á borð og sækir matinn. Börnunum er skipt í þrjú hlutverk sem þau sinna yfir daginn. Fyrsta hlutverkið er að sópa gólf, annað að þurrka borð og stóla og þriðja barnið sér um að vera sápuskammtari á klósetti. Þessi þrjú börn velja einnig ákveðið dót á sér svæði sem notað er í vali eftir hádegi.

### **Tímalína**

Hópstjórar vinna samkvæmt tímalínu þar sem tekið er fyrir stafur vikunnar, orð vikunnar, tákni vikunnar, lag vikunnar, þula vikunnar og leikur vikunnar. Þetta hefur skapað öryggi hjá hópstjórum, að ganga að þessu vísu. Einnig vinnum við með þarfahringinn sem er að finna á tímalínunni og tengja hópstjórar þarfirnar inn í allt starfið.

### **Hópastarf**

Barnahópnum er skipt í 3 hópa. Hver hópstjóri hefur sinnt sínum hópi, við byrjum alltaf hópastarfið á því að leiðast og segja þessa setningu : „ Góðan dag og velkomin í hópastarf, við erum vinir og það er gaman að vera saman“. Síðan notum við táknið okkar og kynnum okkur til að viðhalda tákni með tali. Við notum ekki einungis táknið fyrir nöfnin heldur lærum við ný og ný tákni hverju sinni. Þetta er mjög mikilvægt sérstaklega þar sem eitt barn deildarinnar tjáir sig með táknum og hefur orðaforði þess aukist til muna. Við notumst við upphaf og endi við hópastarfið til að gera það skýrt fyrir börnin.



## Tákn með tali

Öll börn fá sitt eigið tákn þegar þau byrja í leikskólanum. Einnig notum við tákn með tali í hópstarfi þar sem eitt nýtt tákn er lært í hverri viku.

## Stig af stigi

Einu sinni í viku vinnur hver hópur með Stig af stigi og hefur það gengið mjög vel. Við tengjum þá tilfinningu sem tekin er fyrir hverju sinni í starfið okkar, bæði út og inni og börnin leika sýnidæmi fyrir jafnaldra sína.

Stig af stigi er námsgögn sem hjálpar okkur og börnunum að þekkja tilfinningar okkar og annarra. Kennir börnunum að lesa í svipbrigði, leysa deilur og lesa úr látbragði annarra. Börnunum er þar að auki kennt að hafa stjórn á æsingi og reiði. Hver stund er frá 20 mínútum og upp í 30 mínútur.

## Sögugrunnur

Sögugrunnur er hugsáður sem námstæki til að hjálpa börnum við frásögn, sögugerð með því að nota leik sem kennsluáferð. Með aðferðinni er hægt að tengja saman hugsun og mál á hlutbundinn hátt.

Sögugrunnurinn er byggður á myndum og orðum sem hægt er að raða saman og búa til sögu.

## Skólaverkefni

Einu sinni í viku þá vinna börnin í skólaverkefnum. Skólaverkefnið fela í sér að læra um tölustafi, stafi og stærðfræði. Við notum allskonar vinnublöð ásamt því að nýta okkur kubba eins og Numicon.

## Samverustundir

Á Skessubóli eru 2 samverustundir yfir daginn þar sem börnin eru í tveimur hópum. Samverustundir eru nýttar til að lesa bækur, loðtöflusögur, Lubba stund, fara í ýmsa leiki, syngja og tala saman. Við vinnum með hlustun, rím, samstöfun, setningar og orð til að efla hljóðkerfisvitund barnanna og búa þau þannig undir lestrarnám.

Unnið er með Lubba bókina, sem er bók um íslensk málhljóð. Þetta er í raun hljóðnám í þrívídd þar sem börnin sjá stafinn, heyra hljóðið og gera tákn (Lubbatákn). Öll tákn sérhljóðanna lýsa og tengjast tilfinningum eða líðan og tákn samhljóðanna tengjast athöfnum.



## Málörvun

Börn eru misjöfn eins og þau eru mörg, sum ná málinu eins og ekkert sé á meðan önnur þurfa meiri þjálfun og aðstoð til að ná því. Í málörvun fá börnin tækifæri til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir í smærri hópum. Við þjálfum málskilning, málnotkun, orðaforða og hugtakaskilning barnanna.

## Upphaf og lok dags

Á Skessubóli er lagt upp úr því að taka vel á móti börnum. Heilsa þeim í upphafi dags og kveðja í lok dags þannig að börn og foreldrar finni að þau séu velkomin. Það skiptir miklu máli að fá hlýjar móttökur og skapa þannig örugg og jákvæð tengsl milli barns, foreldra og starfsfólks.

## Matartímar

Starfsmaður situr til borðs með börnunum, er þeim góð fyrirmynd og skapar festu og ró og tækifæri til að spjalla við börnin. Barnið lærir að borða með hnífapörum og æfir sig í að smakka á því sem boðið er upp á. Matseðill er settur inn á heimasíðu leikskólans og hangir á töflu inni á deild.

## Hvíld

Börnin eru í tveimur hópum. Markmið hvíldarinnar er að börnin nái að slaka á og fá stund til að hvíla sig á amstri dagsins. Í hvíldarstundum lesum við bækur eða hlustum á sögur. Fyrir Barnamenningarhátíðina var hvíldin stundum nýtt til þess að æfa söngva og dansa fyrir sýninguna í Hörpunni.

## Val

Valið var skipt á fjögur svæði. Skýjaból, Skessuból, Ból og útivera. Þau börn sem voru með hlutverk dagsins völdu á þessi svæði ákveðið dót og svo fékk hvert og eitt barn að velja hvað það vildi leika með hverju sinni. Með vali fá börnin að leika sér með það sem veitir þeim gleði og ánægju sem leiðir til uppsprettu nýrra athugana.

## Útivera og hreyfing

Við leggjum áherslu á að börnin fari í útiveru að minnsta kosti einu sinni á dag. Vettvangsferðir eru einn þáttur útiverunnar, farið er í gönguferðir, skoðunarferðir og heimsóknir. Með því að fara í gönguferðir kynnast börnin nær- og fjærumhverfi sínu og þol þeirra eykst. Í þessum ferðum læra börnin ógrynni af hlutum sem tengjast náttúrunni, samskiptum, læsi eða stærðfræði.



## **Árgangaheimsókn**

Undafarin ár hefur mikið samstarf verið á milli leikskólanna í Bakkahverfi með þar til gerðum heimsóknum. Þetta árið vorum við einnig í samstarfið með Breiðholtsskóla og hafa börnin verið að hittast í Bakkaseli sem er frístundaheimili barna í Breiðholtsskóla.

## **Afmælis dagar barna**

Barnið gerir kórónu ,afmælisöngurinn sunginn og barnið fær að velja sér afmælisglas og afmælisdiskur.

## **Foreldrasamstarf**

Foreldrasamstarf fer fram með daglegum samskiptum, tölvupósti, foreldraviðtölum og foreldrafundi. Foreldraviðtöl voru í október og mars og lögð er áhersla á að allir foreldrar hafi tækifæri til að koma í þau viðtöl. Foreldrar geta alltaf óskað eftir viðtali við deildarstjóra ef þörf þykir. Einnig erum við að bjóða foreldrum til að koma og hitta okkur á stjórnendateymið í Bakkaborg sem þeir geti komið með hugmyndir um hvað mætti betur fara í starfinu og segja frá því hvað er vel gert- þetta er liður í því að fá foreldra meira að gerð skólanámskrá og innra mat leikskólans.

Starfsfólks Skessubóls hefur passað upp á að fylgjast með sérstökum dögum sem finna má í leikskóladagatali og umræðu þjóðfélagsins og vinna verkefni tengd þeim dögum. Þetta eru dagar eins og 112 dagurinn, umhverfisdagurinn, dagur íslenskrar tungu, dagur náttúrunnar, dagur gegn einelti, bóndadagur, konudagur og litadagar svo eitthvað sé nefnt. Fyrir þessa daga vinnum við ýmis verkefni og fönndum og skreytum deildina okkar. Þetta hefur verið gengið vel og vakið mikla gleði meðal barnanna.

## **Dagskipulag Skessubóls**

Rólegur leikur, borðavinna og morgunmatur

Veðurfræðingur

Hópastarf

Samvera

Matur

Hvíld



Val

Samvera

Kaffitími

Frjáls leikur

Umbótapættir Ytra mat Skessuból	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Leikfimi</b>	Að börnin ná aukinni færni í grófhreyfingum og kynnist fjölbreyttum æfingum sem styrkja þau líkamlega.	Vera með skipulagt hvað á að gera í hverjum íþróttatíma, þannig að farið sé í alla grunnhreyfiþ ætti.	Að hausti/ lýkur um sumarfrí.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Skráning á hópastarfsbl aði, myndbandsu pptökur	Að börnin öðlist fjölbreytta færni í misjöfnum aðstæðum
<b>Hópastarf</b>	Að börnin öðlist og upplifi nýja reynslu og geti byggt ofan á fyrri þekkingu á sem fjölbreyttasta hátt.	Vera með skipulag þar sem farið er inná alla grunnþætti menntunar, þar sem fjölbreytni í leiðum og viðvangsefnu m er valið	Að hausti/ lýkur um sumarfrí.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Matsblað, þar sem farið er yfir hvort það sem ákveðið var að gera, hafi verið gert og hvernig það hafi gengið.	Börnin ná að byggja ofan á fyrri reynslu með fjölbreyttum leiðum og með fjölbreyttum efnivið. Að öll börn fái verkefni við getu og hæfni, þar sem þau geta látið ljós sitt skína.



<b>Útivera</b>	Að börn fái notið útiveru á fjölbreyttum stöðum, þar sem börnin fá tækifæri til að reyna á líkamsparta sína eins og þau hafa getu til	Fara út að minnsta kosti einu sinni á dag þar sem börnin hafa val um hvað þau vilja gera og hvernig.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Myndbandsu pptökur, matsblöð	Börnin fái notið sín í frjálsum leik og upplifi margbreytilegt veðurfar.
<b>Val</b>	Að börnin hafa það leikefni sem þau vilja leika með.	Hafa fjölbreyttara leikefni í boði.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Matsblöð og skráningarblöð.	Að öll börn hafi leikefni sem fangar athygli þeirra og veitir þeim gleði og ánægju sem leiðir til uppsprettu nýrra athuganna.
<b>Samverustundir</b>	Að börnin fái fjölbreyttar samverustundir.	Nota Söng, lestur, sögur, loðtöflusögur, leiki og annarskonar málörvun (rím, samsett orð, atkvæði ofl.)	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Skráningablöð.	Að öll njóti þess að vera í samverustundum þar sem fjölbreytni ræður ríkjum.
<b>Hvöld</b>	Að börnin nái að slaka á og fái stund til að hvíla sig á amstri dagsins	Nota lestur og hlusta á sögur í tækjum.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.	Skráningablöð.	Að börnin geti slakað á og notið þess að vera í rólegheitum.
<b>Vettvangsferðir</b>	Að börnin njóti þess að vera í hópi, leiði félaga og skoði umhverfi sitt, hvað það hefur uppá að bjóða	Fara í strætó og gönguferðir.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráningablöð.	Að börnin læri að þekkja nærumhverfi sitt og hvað það hefur uppá að bjóða
<b>Loðtöflusögur og sögugrunnur</b>	Að börnin fái æfingu í að búa til sögu og koma fram fyrir hópi barnanna.	Nota sögugrunnin sem og önnur tæki til að þjálf barnið.	Allan ársins hring.	Deildastjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráningablöð.	Að sjá hvernig sögur og frásagnir barnanna þróast.



## 2.4 Trölladyngja

Á Trölladyngju byrjuðu í haust 24 börn, en fjölgaði uppí 26 börn þegar líða fór á haustið.

Starfsmannastaða nokkuð góð, þar sem við vorum með þjá vana starfsmenn allt námsárið en tók smá tíma að finna þann fjórða sem passaði inní okkar frábæra starfsmannahóp.

Sérkennarar koma inn í starfið og sinna vinnustundum, málörvun og faglegum þáttum hjá þeim börnum sem þurfa á því að halda.

Börnin á deildinni tóku þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur ásamt öðrum deildum leikskólans og sýndu verk sín á sýningu í Gerðubergi. Deildarstjóri Trölladyngju sá um að setja upp sýningu fyrir hönd leikskólans.

Miðja máls og læsis kom inn til okkar í haust og hefur fylgt okkur eftir. Mat var lagt á þá innkomu þar sem deildarstjórar gátu komið sínu að mörkum en því miður mætti bæta úr þeirri vinnu útfrá því sem stefnt var að eins og staðan er þegar þetta mat er unnið en skólaárinu ekki lokið. Námskeið sem starfsmenn hafa farið á.

Við störfum í þriggja hópa kerfi þar sem hver hópstjóri vinnur með sinn hóp frá kl. 9:00 eða frá því að morgun samveru líkur og þar til hádegisverði líkur og hvíldin byrjar. Unnið er eftir tímalínu leikskólans þar sem markvisst er unnið að öllum námsþáttum aðalnámskrá leikskóla.

Hvíldin er tvískipt og einn starfmaður í hvoru rými og hefur það reynst vel.

Námskeið sem starfsmenn hafa farið á eru Leikur að læra, Uppeldi til ábyrgðar, Skyndihjálp.

Deildarstjóri fór á Leikur að læra námskeið erlendis sem bar góðan ávöxt og því var ákveðið að taka inn þá kennsluáðferð og verður námskeið fyrir starfsmenn í ágúst 2019.

Leikskólakennari af erlendum uppruna fór á íslenskunámskeið í gegnum Mími Símenntun sem bar góðan árangur. Námskeiðið var framar væntingum og vonandi er þetta komið til að vera.



Umbóta- áætlun Trölla- dyngja	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vettvangs- ferðir	Að börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfinu.	Förum í markvissar og fjölbreyttar gönguferðir.	Byrjar að hausti og lýkur að vori.	Deildarstjóri og annað starfsfólk.	Skráning og myndir.	Að börnin kynnist nærumhverfi okkar. Börnin læri að umbera umhverfið og skynja hvað má og hvað má ekki.
Hópastarf	Að börnin öðlist nýja og aukna reynslu á fjölbreyttan hátt	Vera með skipulag sem fylgt er eftir þar sem farið er inn á grunn þætti menntunar.	Byrjar að hausti og lýkur að vori.	Deildarstjóri og annað starfsfólk.	Matsblað, þar sem farið er yfir hvort það sem ákveðið var að gera, hafi verið gert og hvernig það hafi gengið	Börnin öðlist nýja reynslu og byggi ofan á fyrri reynslu. Að börnin takist á við verkefni við hæfi með jákvæðri upplifun.
Útivera	Að börnin njóti útiveru á fjölbreyttan hátt. Börnin kynnist nærumhverfi sínu og fá tækifæri til að	Börnin fara út a.m.k. einu sinni á dag.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráning og myndir.	Börnin fá að njóta sín í skipulögðum hópverkefnum, frjálsum leik og upplifi breytilegt veðurfar.





	þjálfá og reyna á líkama eftir eigin getu og þörfum					
<b>Val</b>	Börnin hafi aðgang að námsgögnum og leikefni. Börnin hafa val milli stöðva.	Hafa fjölbreytilegra leikefni.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráning og myndir.	Börnin hafi leikefni sem þjálfar og eykur þroska, veitir þeim unun og ánægju.
<b>Samveru- stundir</b>	Að börnin fái fjölbreytar samverustundir og njóti þess sem lagt er upp.	Unnið er með tímalínuna, söng, þulu, leiki, málörvun (rím, samsett orð, atkvæði ofl.)	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga- blöð.	Að öll börnin njóti þess að vera í samverustundum þar sem fjölbreytni ræður ríkjum.
<b>Hvíld</b>	Að börnin eigi rólega stund, nái að slaka á og fái stund til að hvíla sig.	Lestur á bókum, sögur og róleg tónlist frá hljómtæki. Róleg stund.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga- blöð.	Að börnin geti slakað á og njóti rólegrar stundar.
<b>Vettvangs- ferðir</b>	Að börnin njóti þess að vera í hóp og skoða umhverfi sitt og hvað það hefur uppá að bjóða.	Fara í gönguferðir og strætó.	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga- blöð	Að börnin læri að þekkja nærumhverfi sitt og hvað það hefur uppá að bjóða.
<b>Sögu- grunnur</b>	Að börnin fái æfingu í að búa til sögu og koma	Nota sögugrunninn sem og önnur	Allann ársins hring.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.	Skráninga- blöð.	Að sjá hvernig sögur og frásagnir barnanna þróast.



	fram fyrir hópi barna.	tæki til að þjálfa barnið.				



## 2.5 Bakki

Á Bakka eru 16 börn. 4 fædd 2016, 12 fædd 2017. Það eru 2 börn sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna, 2 börn þar sem annað foreldrið er að erlendum uppruna, 12 sem eiga íslenska foreldra. Í apríl fór elsta barnið á deildinni á miðdeild í hans pláss kom barn fætt 2018

Í maí eru börnin 17 bættust 2 við sem eru fædd 2018 annað á foreldra sem eru bæði erlend , en hitt á íslenska foreldra

- Aðlögun byrjaði 28. ágúst breyting var gerð á aðlögun það hefur verið þátttökuaðlögun þar sem að foreldri var með barninu í 3 daga frá 9-15 nema fyrstadaginn þá fór barnið heim eftir hádegismat Nú var aðlagað þannig að Dagur 1: Barnið kom í klukkutíma heimsókn með foreldri. Dagur 2: dvaldi barnið í frá 10-12 borðuðu hádegismat foreldri brá sér frá í ca. 10 mínútur. Dagur 3: Mætti barnið 9:00 foreldri kvaddi fljótlega barnið dvaldi fram yfir hvíld. Dagur 4: barnið mætti 8:30 eða seinna fer eftir vistunartíma og dvaldi til 15, þá er aðlögun lokið. Fyrst voru börn fædd í október og nóvember 2016 aðlöguð, sem voru mistök því að strax eftir að aðlögunarviku lauk voru þrjú af þeim börnum aðlöguð á Dvergastein, og við fengum eitt barn sem var í miðri aðlögun á Dvergastein.
- Það er búið að vera mikill stöðuleiki á starfsfólki á deildinni, lítið um veikindi. Í byrjun skólaárs voru 5 starfsmenn þrír 100%, einn í 86% og einn 80%, þar sem að við vorum vel mannaðar þá var einn starfsmaður í afleysingu fyrir hádegi ef þurfti. Um miðjan nóvember fór einn 100% starfsmaðurinn í veikindaleyfi og eftir það höfum við verið 4 starfsmenn, þar sem að tveir starfsmenn eru ekki í 100% starfi höfum við fengið aðstoð eftir þörfum og hefur það gengið vel. Í apríl bættist 100% starfsmaður í hópinn hún mun taka við deildinni sem deildarstjóri í upphafi næsta skólaárs Bakkaborg hefur á síðasta ár verið að taka þátt í tilraunaverkefni um styttri vinnuviku, það er mikil ánægja með það.
- Helstu styrkleikar starfsfólks Bakka er að allir hugsa um börnin af alúð, góð samvinna, virðing, tillitsemi, umburðarlyndi og vinátta. Það er farið eftir skipulagi og allir vita hvað þeir eiga að gera. Starfsfólk er til í að skipta um vaktir ef þarf og vill vera þegar þegar að það foreldra-ömmu og afa kaffi þá að vinnudegi þeirra væri lokið
- Helstu styrkleikar í barnahópnum er gleði, allir eru vinir, taka þátt í söng, vilja láta lesa fyrir sig, leika saman hafa gaman af útiveru.
- Starfið með börnunum er þannig það eru fjórir hópar með 4 börnum í hóp og skiptasta hóparnir um rými þar sem mismunandi verkefni eru í boði: könnunarleikur/holukubbar,



lystasmiðja, Lubbastund/spil og hlutverkaleikur/hreyfistund, hver hópur á sinn dag í hverju rými. Það hefur gengið vel að skipta í hópana. Við vinnum eftir „Tímalínu“ í henni er stafur-, orð-, tákn-, þula-, lag- saga- og leikur vikunnar, það var gott að vinna eftir „Tímalínunni“ og hún var eins fyrir allan skólann. Í janúar fengum að byrja aftur á upphafi tímalínu þar sem að börnin voru ung og í að lögun þegar að hún byrjaði í september, þar sem að það er mikilvægt að t.d. að börnin læri grunn tákni fyrst. Til að auðvelda starfsfólki að vinna eftir „tímalínunni“ þá útbjó deildastjóri spjöld með textum og af öllu, skíringar á leikjum og tákni. Þegar að „tímalínu“ lauk í maí þá lögðum við meiri áherslu á útveru þá fara öll börnin út um kl 9 og eru úti til 10:20 þá fá þau ávexti og fara í samveru. Börnunum er skipt í tvo hópa í samverustundir á meðan eru tveir starfsmenn sem skiptra um bleyjur og bjóða börnunum að setjast á klósettið, leggja á borð, ná í mat í aðalhúsið. Bakki er deild sem er ekki innangengt í eldhúsið það þarf því að fara út að sækja matinn og önnur aðföng í aðalhúsið, einnig sjáum við um uppvask og frágang í eldhúsi eftir alla matmálstíma.

- Deildarstjóri fór á „Tras“ námskeið  
Allir starfsmenn fóru á leikur að læra kynningu, skyndihjálparnámskeið, fyrirlestur miðju máls og læsis, uppbyggilegan fyrirlestur hjá Eddu Björgvins ásamt faglegum leiðum og þeirri ábyrgð sem leikskólastjóri hefur lagt upp með. Stefnan er skýr og miðar vel, lætur verkin tala.
- Á skólaárinu eru 2 foreldraviðtöl. Fyrstu viðtalið var 13. desember 2018 og það seinna var í 27. og 28. mars, flestir mættu í bæði viðtölin. Viðtölin gengu vel og eru foreldrar ánægðir með leikskólann og ánægðir með að börnin eru glöð að far í leikskólann.

Umbóta- þættir Bakki	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



<b>Frjáls leikur</b>	Auka leik í Holukubbum	Setja það inn í hópstarfs skipulag	Í haust þegar að hópstarf byrjar/þegar að líkur að vori	Deildarstjóri og annað starfsfólk.	Skráningarblað og myndbandsupptökur	Að börnin öðlist færni í leik og taka tillit til annarra
<b>Orðaforði og Málskilningur</b>	Bók/ loðtöflusaga vikunnar	Setja það inn í skipulag fyrir samverustund fyrir hádegismat	Í haust þegar hóparnir byrja	Deildarstjóri og annað starfsfólk.	Skráningarblað.	Að börnin læri að sitja og hlusta og auka orðaforða og málskilning
<b>Grófhreyfingar</b>	Útivera er mjög góð fyrir grófhreyfingar og yfir veturinn þá Sælukot	Í skipulögðu hópstarfi	Byrja á hausti líkur hópstarfslok	Deildastjóri og annað starfsfólk	Skráning og myndbandsupptökur	Auka hreyfifærni.
<b>Tákn með tali</b>	Tákn með tali Er á Tímalínunni	Setja inn á sem flestum stöðum. Hópstarf/ samveru/ matarborð	Þegar hópstarf byrjar/líkur í hópstarfslok	Deildarstjóri og starfsmenn	Skráning	Auka öllum börnum færni í að tjá.
	Flæðilestur (það er setið á gólfinu með eitt barn í fanginu hin geta verið í rólegum leik á meðan, lesin bók, gott að nota Mimi bækurnar þar er	Í skipulögðu hópstarfi	þegar að hópstarf byrjar/líkur í hópstarfslok	Deildastjóri og starfsmenn	Skráningarblað	Auka orðaforða og kenna tákn



tákn með tali endurtaka fyrir öll börnin þannig að hin börnin heyri).						
---	--	--	--	--	--	--

### 3 Ytra mat

Umbótaþættir Ytra mat Bakkaborg	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Upplýsingar</b>	Að bæta upplýsingagjöf á milli starfsmanna.	Nota tölvupóstinn enn frekar.	Allt árið.	Leikskólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri, annað starfsfólk.	Notum tölvupóst, upplýsinga töflu.	Að fólk fái þær upplýsingar sem það þarf til að geta unnið starfið sitt.
<b>Aukið foreldra-samstarf</b>	Að foreldrar taki meiri þátt í starfi leikskólans.	Hafa upplýsinga-fundi þar sem foreldrar geta haft áhrif og komið skoðunum sínum á framfæri.	Allt árið.	Leikskólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri, annað starfsfólk.	Sjá hversu margir foreldrar mæta og taka þátt á fundum sem eru í boði.	Að foreldrar komi sínum skoðunum og væntingum á framfæri.



<b>Uppeldi til ábyrgðar</b>	Að allt starfsfólk tileinki sér stefnuna leikskólans.	Að allt starfsfólk leikskólans fari á námskeið á vegum Uppbyggingu Sjálfsaga.	Allt árið.	Leikskólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri, annað starfsfólk.	Að starfið í tengslum við Uppeldi til ábyrgðar verði sýnilegra í leik og starfi.	Að allir vinni eftir sömu uppbygginga-stefnu leikskólans og börn og starfsmenn séu örugg í leik og starfi.
<b>Leikur að læra</b>	Að allt starfsfólk leikskólans tileinki sér þessa námsaðferð sem verður innleidd 2019 – 2020.	Að allt starfsfólk leikskólans fari á námskeið á vegum Leikur að læra.	Allt árið.	Leikskólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri, annað starfsfólk.	Að starfið í tengslum við Leikur að læra verði sýnilegra í leik og starfi.	Að allir vinni eftir sömu námsleið í leik og starfi sem skilar sér í meira öryggi hjá börnum og starfsmönnum.



## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Leikskólastjóri sá um að taka starfsþróunarsamtöl í maí. Búið var að dreifa ákveðnum spurningum til starfsfólks þar sem farið var yfir spurningarnar og leikskólastjórinn var sjálf búin að undirbúa sig undir viðtölin. Viðtölin voru tekin inná skrifstofu og var áætlaður tími í hvert viðtal um klst. en svo var það auðvitað misjafnt hversu langan tíma hver og einn þurfti.
- Starfsfólk leikskólans sóttu fjölmörg námskeið t.d. TRAS, Hljóm – 2, Leikur að læra, AEPS, PECS, Atferlisþjálfunarnámskeið, Skráninganámskeið, Öryggistrúnaðarnámskeið, Þú átt von (námskeið um heimilisofbeldi), EFI – 2 málproskapróf, Íslenski málhljóðamælirinn, Tákn með tali, Fagnámskeið 1 og 2, PMTO (grunnmenntun í hegðunarmótun) og Uppeldi til ábyrgðar
- Á starfsdögum vorum við með kynningu á Book Creator, móttöku erlendra barna, skyndihjálp, Uppeldi til ábyrgðar, Leikur að læra, Miðja máls og læsis og fleira.
- Áætlað er að halda námskeið fyrir allt starfsfólk leikskólans í Uppeldi til ábyrgðar á haustdögum 2019.

## 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

- Skipulagt samstarf á milli leik- og grunnskóla var með skipulögðum hætti þetta skólaárið. Skipulagið tókst vel og var almenn ánægja með samstarfið sem á eftir að vera enn meira og betra þegar líður á. Skipulag þetta skólaárið má sjá hér að neðan en skipulag fyrir næsta skólaár það er 2019 – 2020 er ekki komið.

Tími	Viðburður
Október	Nemendur leikskóla koma og leika á skólalóð Breiðholtsskóla Leikskólabörn fara um skólahúsnæði í ratleik. 1. bekkur fer í heimsókn í leiksk. og leikur á lóðinni vikan 8. – 12. okt
Nóv. – desember Hefst á degi ísl. tungu	Fastir lestrardagar vikulega – 7. bekkur ca kl. 10:10 samráð um daga. <ul style="list-style-type: none"><li>○ 4 deildar í Bakkaborg – 8 nemendur</li><li>○ 2 deildir í Arnarborg – 4 nemendur</li><li>○ 2 deildir í Fálkaborg - 4 nemendur</li></ul>
Desember	Leikskólar og 1. bekkur með skemmtun á sal í Breiðholtsskóla <ul style="list-style-type: none"><li>- Jólasöngvar í Breiðholtsskóla á aðventu (höfum samband) söngstund á sal</li><li>- Jólasamvera – skemmtiatriði frá hópum og helgileikur, veitingar í lokin.</li></ul>
Janúar	Stjórnendafundur - skipulag samstarfs Heimsókn leikskólabarna í íþróttatíma hjá 1. bekk
Febrúar	Nemendur í 1. bekk heimsækja leikskóla og m.a. sýna hvað er í skólatöskunni.





Febrúar - mars	Leikskólabörn heimsækja skólustjóra Breiðholtsskóla og ræða um sjálfstæði, sjálfshjálp, hegðun og reglur í skólanum.
Febrúar - mars	Nemendur leikskóla koma í 4-5 manna hópum í heimsókn í Breiðholtsskóla í frímínútur, 2 kennslustundir og borða í matartímanum.
Mars	Leikskólabörn heimsækja frístundaheimilið Bakkasel
Apríl	Breiðholtsskóli býður á leiksýningar nemenda yngri deilda
Maí	Foreldrar og nemendum er boðið í Breiðholtsskóla á skólafærninámskeið. Vorskóli 21. og 22. maí Leikskólabörnum boðið á vorhátíð Breiðholtsskóla 23. maí Leikskólabörn koma og skoða sundlaugina.  Leikskólabörn halda útskrift á sal Breiðholtsskóla <ul style="list-style-type: none"> <li>• Borg – 28. maí</li> <li>• Bakkaborg – 3. júní</li> </ul>
Ágúst	Nemendur mæta ásamt foreldrum sínum í viðtal til umsjónarkennara í upphafi skólaárs.  Stjórnendafundur – skipulag samstarfs
September	Foreldrar boðaðir á seinni hluta skólafærninámskeiðs og kynningu á skólanum.

## 6 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti. Gengið er út frá því að hafa eitt foreldri frá hverri deild, fleiri ef áhugasamir foreldrar bjóða sig fram. Þetta árið voru sjö foreldrar í foreldraráði. Þennan veturinn hittum við foreldraráðið 3 sinnum yfir skólaárið.
- Foreldrafundur var haldinn í hátíðarsal Breiðholtsskóla 10. október 2018 klukkan 20:00. Áður en foreldrafundurinn var haldinn var gerð könnun hversu margir foreldrar þyrftu á túlki að halda og á hvaða tungumáli. Leikskólastjóri fór yfir síðasta ár og skipulag leikskólans. Deildarstjórar héldu kynningu á námsefni sem notuð eru í leikskólanum og sögðu frá starfi deildanna. Í lok fundar var kosið í foreldraráð og foreldrafélag.
- Foreldraviðtöl voru skipulögð einu sinni að vori og voru tekin af deildarstjórum. Deildarstjórar skipulögðu tíma sem voru í boði og gátu foreldrar skráð sig í þá og ef óskað var eftir öðrum tímum þá var fundin lausn á því. Flest allir foreldrar þáðu viðtal þar sem farið var yfir það sem tengdist barninu þeirra. Þar sem deildarstjórnarnir gátu ekki haft viðtölin á sama tíma þá hófust viðtölin í febrúar og þeim lauk í apríl.
- Foreldrafélag var kosið á foreldrafundi sem haldinn var í byrjun október. Gengið er út frá því að hafa eitt foreldri frá hverri deild. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir mörgum mjög



skemmtilegum viðburðum eins og leikritum, sveitaferð og jólaballi með öllu tilheyrandi, 14. júní hátíð auk annarra viðburða eftir því sem passar.

- Í fyrsta skipti var ákveðið að halda foreldrafund þar sem foreldrar gátu komið hugmyndum, vonum og væntingum á framfæri í tengslum við starf leikskólans. Á fundinn mættu um 20 foreldrar og var almen gleði og ánægja með framtakið bæði hjá foreldrunum og starfsmönnum. Það er von okkar að þetta eigi eftir að haldast fast í sessi og enn fleiri foreldrar taki þátt þegar fram í sækir.

## 7 Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Nota íslenska málhljóða- mælirinn fyrir snemmtæka íhlutun.	Finna þau börn sem vantar mikið af hljóðum og vinna með þau.	Að öll börn 2 ára og eldri á leikskólanum séu skimuð með íslenska málhljóða- mælinum og íhlutun verði ef börn koma illa út.	September 2019 – Apríl 2020	Sérkennslustjóri ásamt sérkennslu- teymi	Skráning á stöðu barnanna eftir hvern tíma.	6 mánuðum síðar er aftur lagt fyrir barnið íslenska málhljóða- mælirinn og þá sést hvort hljóðin séu komin.
PMTO starf á öllum deildum	Allir kennarar tileinki sér PMTO aðferðir í samskiptum við börnin.	Sérkennslustj óri og sérkennari verða með PMTO	September 2019 – Apríl 2020	Sérkennslustjóri , sérkennari og deildarstjórar	Koma reglulega inn á deildarfundi og inná	Upptökur inni á deild og sérstök skráningar-



		fræðslu fyrir starfsfólk á deildarfundum. Koma með íhlutun og eftirfylgni.			deildar til að taka stöðuna	blöð



# 8 Leikskóladagatal 2019 - 2020

Samband íslenskra sveitarfélaga

## Leikskóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla: Bakkaborg

ÁÐDET	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 S	1 F	1 S	1 M	1 L	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 S	2 F
3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 F	3 M	3 S	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 S	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M	5 F	5 L	5 S	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S	5 S	5 F	5 S
6 F	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 S	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 S	7 F	7 L	7 S	7 F	7 S	7 S
8 F	8 S	8 S	8 F	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 S	9 F
10 L	10 S	10 F	10 S	10 S	10 F	10 M	10 S	10 F	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 S	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 S	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S	12 S	12 F	12 S
13 S	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 S	14 F	14 L	14 S	14 F	14 S	14 S
15 F	15 S	15 S	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 S	16 F
17 L	17 F	17 F	17 S	17 S	17 F	17 M	17 S	17 F	17 S	17 M	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 S	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 S	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 S	19 F	19 S
20 L	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 S	21 F	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S
22 F	22 S	22 S	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 M	23 F	23 L	23 S	23 F
24 L	24 S	24 F	24 S	24 S	24 F	24 M	24 S	24 F	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 S	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F	26 L	26 S	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 S	26 F	26 S
27 F	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 S	28 F	28 L	28 F	28 F	28 S	28 S
29 F	29 S	29 S	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 F	30 L	30 S	30 S	30 F
31 L		31 F		31 S	31 F		31 S	31 S			31 F

Með fyrirvara um breytingar, á eftir að bæta við viðburðum.



## 9 Fylgigögn

### 9.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

#### Greinargerð sérkennslustjóra um starfið 2018-2019

Hér þurfa að koma fram helstu áherslur í sérkennslu/stuðningi út frá stefnu leikskólans og hvaða verkferlum er fylgt.

- Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki? Í leikskólanum Bakkaborg eru tvö börn í 1. flokki og þrjú börn í 4. flokki. 46% barna í Bakkaborg eru af erlendum uppruna og flest þeirra þurfa markvissa málörvun. 8 börn þurftu íhlutun vegna hegðunarfrávika í styttri og lengri tíma síðasta vetur.

Sérkennsluteymi Bakkaborgar samanstendur af:

Sérkennslustjóri, BS í sálfræði 100% staða

Sérkennslustjóri, leikskólakennari, grunnskólakennari og sérkennari 30% staða (frá 1. jan. 2019) og 70 % sérkennari/stuðningur.

Sérkennari sem er með BA í uppeldis- og menntunarfræði.

Sérkennari sem er leikskólakennari.

Stuðningur, nemi í Háskóla Íslands að læra íslensku 50%

Stuðningur, leiðbeinandi 50%

Stuðningur, nemi í sálfræði 50%

- **Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum.**

Snemmtæk íhlutun í Bakkaborg felur í sér að við viljum byrja strax að vinna með börnum sem við sjáum að fylgja ekki jafnöldrum sínum í þroska. Við veitum þeim markvissan stuðning. HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er notuð til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir að verða í erfiðleikum með lestrarnámið í grunnskólanum. Þetta próf er lagt fyrir að hausti og ef barn greinist þar undir meðalfærni viljum við veita því strax markvissa málörvun í samráði við foreldra.

EFI prófið er lagt fyrir öll 3 ára börn í leikskólanum sem skimun á málproskavanda. Ef að börn koma slök úr EFI þá fer af stað markviss málörvun í litlum hópum og ef að börn koma mjög slök út þá fá þau markvissa málörvun ein og sér.



- **Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig eru þær notaðar í starfinu?**

Gerð einstaklingsnámskrár er á ábyrgð sérkennslustjóra og deildarstjóra. Notast er við AEPS listann og unnið er úr honum, sett eru niður markmið sem unnið er með. Listinn er lagður aftur fyrir, eftir 6 mánuði. Sérkennslustjóri í leikskólanum er með réttindi til að leggja fyrir AEPS og sest hann niður með starfsmanni/stuðningi og fyllir út listann.

- **Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf.**

Við höfum lagt okkur fram að eiga gott samstarf við foreldra og hafa foreldrar leitað til okkar eftir ráðgjöf. Félagshæfnisögur og umbunarkerfi hafa verið gerð til að takast á við hegðunarfunda heima, enda teljum við mikilvægt að vinna einnig með hegðunarfrávik heima ef foreldrar leitast eftir slíkri aðstoð. Sérkennslustjóri og sérkennari hafa lokið grunnmenntun PMTO, sem er foreldrafærni námskeið. Þannig er hægt að styðja við þá foreldra sem hafa lokið þessu námskeiði ásamt því að veita öðrum foreldrum og starfsmönnum ráðgjöf. Við hvetjum foreldra af erlendum uppruna að tala móðurmálið við barnið og lesa fyrir það. Við aðstoðum foreldra sem þess þurfa eða óska eftir því að sækja um í talþjálfun, iðjuþjálfun o.þ.h. Reglulegir teymisfundir eru með þeim börnum sem að njóta stuðnings.

- **Samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir**

Gott samstarf er við sérkennsluráðgjafa PMB og koma þeir reglulega í heimsókn til að fylgjast með þeim börnum eru með sérkennslutíma auk þess sem þeir sitja alla teymisfundi. Samráðsfundir eru 2 sinnum á ári og þá mætir sálfræðingur þjónustumiðstöðvar Breiðholts ásamt sérkennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa, talmeinafræðingi og félagsráðgjafa.

- **Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur.**

Gott samstarf er á milli starfsfólks og sérkennslustjóra. Starfsfólk leitar til sérkennslustjóra með ýmis málefni er varða hegðunarfrávik, hópastarf og þjálfun barna sem njóta sérkennslu og ráðgjöf um námsefni sem notað er inn á deildum. Sérkennslustjóri situr alla deildarstjórafundir og situr deildarfundi sé þess óskað.

## **Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári**

- Í september 2018 var skipulagt markvissa málörvun fyrir öll börn af erlendum uppruna og önnur sem þurfa á markvissri málörvun að halda. Skipt var í hópana eftir deildum og innan hvorrar deildar hafa verið þrjú til fimm börn í hverjum hópi. Markmið málörvunarhópana er að



leggja áherslu á almenna málörvun, auka orðaforða, æfa frásögn, æfa setningaskipan, hlustun og fara eftir fyrirmælum. Í hópunum eru bæði börn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og þau börn sem að hafa þurft á frekari málörvun að halda samkvæmt niðurstöðum skimana. Hver hópur er að jafnaði í 30 til 40 mínútur í senn.

- Janúar 2019 var bætt við 30% viðbótar sérkennslustjórastöðu. Sú staða hefur meðal annars verið notuð í að sinna málörvun í ákveðnum málörvunarhópum inni á deild og í skipulag.
- Staðan hefur einnig tekið til þess að sjá um að koma skipulagi á námsgögn skólans og þá einkum það sem snýr að námsgögnum sérkennslunnar. En öll námsgögn leikskólans eiga jafnt erindi fyrir öll börn hvort sem börnin njóta sérkennslu eða ekki og því var mikilvægt að gera þau sýnileg og aðgengileg fyrir starfsmenn þannig að allir geti fengið að njóta. Sérkennslustjórastaðan tekur einnig til þess að veita starfsmönnum stuðning og faglega ráðgjöf, sitja teymisfundi og öll önnur verk sem að heyra undir starfsheiti sérkennslustjóra.



## 9.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

### Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

- Bakkaborg starfar í fjölmennningarlegu samfélagi og hefur verið að þróa vinnu með börnum og foreldrum af erlendum uppruna og er stoltur fjölmennningarleikskóli. Börnin í leikskólanum eru 104 og af þeim eru 47 af erlendum uppruna eða frá 16 þjóðlöndum. Starfsmannahópurinn er af ólíkum uppruna eins og barnahópurinn. Alls eru 11 starfsmenn af 35 af erlendum uppruna og frá 6 þjóðlöndum.
- Við nýtum túlkþjónustu og höfum starfsmenn sem tala pólsku, rússnesku, slóvakísku, tékknesku, úkraínsku, albönsku, arabísku, sænsku, rúmensku, portúgölsku og ensku. Þetta hefur auðveldað foreldrasamskipti, minnkað líkur á misskilningi og auðveldað upplýsingagjöf til foreldra. Annars reynum við ávallt að taka eins á móti öllum börnum og gerum allt til að eiga óþvinguð og eðlileg samskipti við alla foreldra. Það veitir börnunum einnig mikið öryggi að geta leitað til starfsmanna sem að tala þeirra móðurmál.
- Tengiliðir fjölmenningar í leikskólanum er leikskólastjóri og sérkennslustjóri. Nicole Leigh Mosty var ráðin til að sinna ráðgjöf til leikskólans og þar á meðal að styðja leikskólann í móttöku og kennslu barna af erlendum uppruna.
- Leikskólinn tekur þátt í verkefninu Læsi – allra mál, sem flestir leik- og grunnskólar í Breiðholti taka þátt í og er stýrt af þjónustumiðstöð Breiðholts. Markmið verkefnisins er að efla læsi og málskilning barna í skólum hverfisins. Unnið var með Lubba, Sögugrunninn, Stig af stigi, Orðahljóð, bók vikunnar o.fl. Þetta var gert á flestum deildum en mismikið. Á komandi starfsári er stefnan að leggja mun meiri áherslu á markvissan lestur en var gert á síðasta starfsári. Síðan fengum við MML til að koma og taka út starfið á hverri deild fyrir sig, þar fylgdust þær með inni á deild og komu með ráðgjöf.
- Á árinu hefur sérkennslustjóri ásamt sérkennsluteymi leikskólans verið að taka þau börn sem eru af erlendum uppruna og þurfa markvissa málörvun í fámenna, getumiðaða hópa á hverjum degi. Í sérkennsluteymi leikskólans er sérkennslustjóri og fjórir aðrir starfsmenn sem eru með fjölbreytta menntun, þar af eru tveir leikskólakennarar, einn þroskaþjálfari og einn með BA í uppeldis- og menntunarfræði. Þar er markmiðið að auka orðaforðann með lestri, sögum, umræðum og spilum svo eitthvað sé nefnt. Skráð er eftir hvern tíma hvernig gekk. Aðal áherslurnar í þessum stundum hafa verið á hlustun, hljóðkerfisvitund, orðaforða, málskilning og tjáningu.





### 9.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Bakkaborgar hefur lesið yfir starfsáætlun 2018-2019. Að mati foreldraráðs nær starfsáætlunin vel yfir það sem gert var í skólanum síðastliðinn vetur.

Okkur þykir gott að sjá að þróun er í starfinu og að starfsfólk er að sækja námskeið og bæta við sig þekkingu sem skilar sér til barnanna. Einnig vorum við ánægð með að öll börn leikskólans fái að njóta fagþekkingar með því að sérhæft starfsfólk fari á milli deilda en sé ekki fast á einni deild.

Mikil ánægja er með að leikskólarnir í Bökkunum, Breiðholtsskóli og frístundaheimili séu í góðu samstarfi. Við teljum að þetta hafi góð áhrif bæði á leikskólabörn og skólabörn ásamt því að efla og byggja upp góðan hverfisanda.

Bakkaborg er 5 deilda leikskóli og nú með haustinu á að breyta þeirri yngstu í ungbarnadeild sem er mjög góð viðbót. Framkvæmdin á þessu mætti vera skýrari út á við fyrir foreldra. Til dæmis mætti upplýsa um hversu mörg börn verða á nýju deildinni og á hvaða aldri, hverjar verða framkvæmdir á húsnæði og garði sem þarf að fara í vegna tilkomu ungbarnadeildarinnar og mun skipulag annarra deilda breytast með þessari viðbót.

Við sem foreldrar upplifum jákvæðni og metnað frá starfsfólki skólans í garð barnanna og starfsins sjálfs. Við erum ánægð með að starfsfólk Bakkaborgar séu þátttakendur í styttingu vinnuvikunnar. Við teljum það gott fyrir starfsfólkið og starfsandann án þess að það bitni á starfinu innan leikskólans. Vonumst við til að það haldi áfram.

Að auki lýsum við yfir ánægju með þá stefnu leikskólans að hvetja foreldra til þátttöku í að ræða áherslur í starfi leikskólans og eiga þannig möguleika á því að hafa áhrif á umhverfið sem börnin þeirra eyða stórum hluta dagsins í.

F. h. leikskólans Bakkaborgar

Ágústa Amalía Friðriksdóttir 27. júní 2019

Leikskólastjóri Dagsetning



## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	5	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	5	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	7	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	Í flestum tilfellum en þarf að skerpa á þessu.
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir: Greiningarstöð Ríkisins, Þroska og hegðunarstöð, talmeinafræðistofur, æfingastöðina o.fl.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



## Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Öll börn sem eru tvítyngd eru í litlum málörvunarhópum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Orð lögð á allar athafnir og allar stundir nýttar fyrir málörvun, t.d. matartími, fataklefinn, útivera o.fl.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Fjölbreyttar bækur, þjóðsögur og alls konar málörvunarspil
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Daglegar skráningar
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"><li>• Orðaforði og málskilningur</li><li>• Tjáning og frásögn</li><li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li><li>• Ritmál</li><li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li></ul>	Já	Stuðst er við námsgögn eins og Tölum saman, Hugur og fluga, orðagull, lubbi finnur málbein, Blær o.fl.



## Fylgiskjal 3

### Starfsáætlun 2019 – 2020

#### Bakkaborg

#### Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Bakkaborgar hefur lesið yfir starfsáætlun 2018-2019. Að mati foreldraráðs nær starfsáætlunin vel yfir það sem gert var í skólanum síðastliðinn vetur.

Okkur þykir gott að sjá að þróun er í starfinu og að starfsfólk er að sækja námskeið og bæta við sig þekkingu sem skilar sér til barnanna. Einnig vorum við ánægð með að öll börn leikskólans fái að njóta fagþekkingar með því að sérhæft starfsfólk fari á milli deilda en sé ekki fast á einni deild.

Mikil ánægja er með að leikskólarnir í Bökkunum, Breiðholtsskóli og frístundaheimili séu í góðu samstarfi. Við teljum að þetta hafi góð áhrif bæði á leikskólabörn og skólabörn ásamt því að efla og byggja upp góðan hverfisanda.

Bakkaborg er 5 deilda leikskóli og nú með haustinu á að breyta þeirri yngstu í ungbarnadeild sem er mjög góð viðbót. Framkvæmdin á þessu mætti vera skýrari út á við fyrir foreldra. Til dæmis mætti upplýsa um hversu mörg börn verða á nýju deildinni og á hvaða aldri, hverjar verða framkvæmdir á húsnaði og garði sem þarf að fara í vegna tilkomu ungbarnadeildarinnar og mun skipulag annarra deilda breytast með þessari viðbót.



Við sem foreldrar upplifum jákvæðni og metnað frá starfsfólki skólans í garð barnanna og starfsins sjálfs. Við erum ánægð með að starfsfólk Bakkaborgar séu þátttakendur í styttingu vinnuvikunnar. Við teljum það gott fyrir starfsfólkið og starfsandann án þess að það bitni á starfinu innan leikskólans. Vonumst við til að það haldi áfram.

Að auki lýsum við yfir ánægju með þá stefnu leikskólans að hvetja foreldra til þátttöku í að ræða áherslur í starfi leikskólans og eiga þannig möguleika á því að hafa áhrif á umhverfið sem börnin þeirra eyða stórum hluta dagsins í.

### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Belinda Karlsdóttir**

**Bergrós Elín Hilmarsdóttir**

**Gunnhildur Karlsdóttir Rocksén**

**Jón Blöndal**

**Margrét Lúthersdóttir**

**Sturla Óskarsson**



